

17. tbl.
30. apríl. 2025
32 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Aðalfundur Skútustaðasóknar

verður haldinn 6. maí 2025 kl. 20:00
í Skútustaðakirkju.

Dagskrá er

venjuleg Aðalfundastörf, en auk þess verður rætt um
prestkostningar og organistamál.

Verið velkomin!

Sóknarnefndin

Aðalfundur Umf. Eflingar

verður haldinn þriðjudaginn 13. maí,
kl. 18:30 í Dalakofanum(vonandi).
Hefðbundin aðalfundarstörf og breytingar
á lögum félagsins.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest - nýir félagar velkomnir.
Veitingar í boði stjórnar

Pingeyjarsveit auglýsir



Pingeyjarsveit

Flokksstjóri vinnuskóla

Starfið felst m.a. í því að stjórna starfi nemenda vinnuskólans, leiðbeina nemendum og fræða þá um rétt vinnubrögð og verkþætti í starfinu í samráði við verkstjóra áhaldahúss. Sinna verkefnum við hreinsun á umhverfi og almennum garðyrkjustörfum. Flokksstjóri vinnur auk þess markvisst að því að efla líðsheild og góða líðan nemenda.

Hæfniskröfur:

- Vera góð fyrirmynd
- Stundvísi og vinnusemi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Bílpróf er skilyrði og viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní eða eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2025.

Nánari upplýsingar um starfi veitir Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is eða í síma 512-1800. Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skila á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Pingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Þingeyjarsveit auglýsir

Leikskóladeildir Þingeyjarskóla auglýsa stöður leikskólakennara



Þingeyjarsveit

Um er að ræða 70 – 100% ótímabundnar stöður við Barnaborg í Aðaldal og Krílabæ á Laugum í Reykjadal.

Barnaborg og Krílabær eru leikskóladeildir Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Leitað er að kennurum með þekkingu og reynslu af leikskólakennslu og mikla hæfni í samskiptum. Í skólanum er unnið eftir stefnunni um jákvæðan aga, áhersla lögð á tækifæri barna til listsköpunar úr margvíslegum efnivið og útiveru í fjölbreyttri náttúru umhverfis skólann. **Umsóknarfrestur er til 11. maí.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns
- Vinna í nánú samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leik skólanum í samráði við yfirmann
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Virðing fyrir börnum og sjálfsprottnum leik þeirra
- Færni í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Stundvísi og samviskusemi
- Starfsreynsla í leikskóla er mikill kostur

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Gerð er krafa um hreint sakavottorð og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst. Ef enginn kennaramenntaður einstaklingur sækir um verða aðrar umsóknir skoðaðar.

Frekari upplýsingar gefur leikskólastjóri, Nanna Marteinsdóttir í síma 464-3590/ 898-0790 eða í gegnum tölvupóstfangið nanna@thingskoli.is. Umsóknir skulu sendast á tölvupóstfang leikskólastjóra nanna@thingskoli.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá, afrit af leyfisbrefi, kynningarbréf og upplýsingar um meðmælen-dur. **Umsóknarfrestur er til 11. maí.**

REYKJAHlíÐARSKÓLI OG LEIKSKÓLINN YLUR Í MÝVATNSSVEIT AUGLÝSA LAUSAR STÖÐUR

Reykjahlíðarskóli er samrekin grunn-, leik- og tónlistarskóli með tæplega 50 nemendur í grunnskóla og um 25 nemendur í leikskóla. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskipum, stundvísu, hreint sakarvottorð og góða íslenskukunnáttu (þrep C1 að lágmarki). Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Nánari upplýsingar um skólann á www.reykjahlidarskoli.is

★ LEIKSKÓLAKENNARI/STARFSMAÐUR Á LEIKSKÓLA Í 50-100% STARF FRÁ 1. ÁGÚST 2025

★ TÓNLISTARKENNARI Í REYKJAHlíÐARSKÓLA Í 100% STARF FRÁ 1. ÁGÚST 2025

Möguleiki á organistastarfi samhliða tónlistarkennslu ef óskað er. Skólinn er vel búinn hljóðfærum.

★ AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI Í LEIKSKÓLANUM YL FRÁ 1. ÁGÚST 2025

Um er að ræða spennandi starf fyrir leikskólakennara með þekkingu og reynslu af leikskólastarfi, lipurð í samskiptum og hæfni til að veita faglega forystu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Faglegur leiðtogi og stuðningur við aðra starfsmenn leikskólans.
- Vinna ásamt skólastjóra að daglegri stjórnun auk skipulagningar kennslu- og uppeldisstarfsins á leikskólanum.
- Sinnir starfi deildarstjóra á annarri deild leikskólans.
- Virkur þátttakandi í mótun stefnu leikskólans og áætlunargerð með skólastjóra.
- Samskipti og samvinna við foreldra.
- Sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum.


Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu.
- Góð reynsla af starfi í leikskóla
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Mjög góð hæfni og lipurð í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2025.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Umsóknum skal skila í tölvupósti á hjordis@reykjahlidarskoli.is eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar, 650 Laugar.



SKÓLASTJÓRI REYKJAHlíÐARSKÓLA

Staða skólastjóra við Reykjahlíðarskóla er laus til umsóknar frá og með 1. ágúst 2025. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í öflugum skólasamfélagi.

Reykjahlíðarskóli er í Reykjahlíð í Mývatnssveit. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með tæplega 50 nemendur í grunnskóladeild og um 25 nemendur í leikskólanum Yl. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Starfssvið skólastjóra:

- Ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa leyfi til að nota starfsheitið kennari og reynslu af kennslu á grunnskólastigi.
- Viðbótarmentun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamálum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Skólastjóri skal vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi. Hann starfar í nánú samstarfi við sviðsstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir fjölskyldusvið og tekur þátt í verkefnum sem snúa að þróun í skólamálum í Þingeyjarsveit. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2025.

Nánari upplýsingar veitir Asta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1803 og á netfangið asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum ásamt kynningarbréfi og afriti af leyfisbréfi skal skila í tölvupósti á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.



eyjarsveit



Þingeyjarsveit

Þingeyjarsveit auglýsir

Sumarstörf í íþróttamiðstöðvum Þingeyjarsveitar

Íþróttamiðstöðvar Þingeyjarsveitar óska eftir sumarstarfsfólki til starfa frá byrjun júní 2025. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, vera með ríka þjónustulund og samskiptahæfileika. Nauðsynlegt er að hafa frumkvæði, vera sjálfstæður í vin-
nubrögðum og hafa kunnáttu í skyndihjálp. Hreint sakarvottorð er skilyrði. Reynsla af afgreiðslustörfum, gæslu og þrífum er kostur.

Sundlaugin á Laugum

Auglýst er eftir fólki til að sinna sundlaugarvarðarstarfi í tímavinnu. Um er að ræða gæslu á sundlaugarsvæði, vöktun og þríf. Nauðsynlegt er að standast sundpróf laugar-
varða skv. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Már, magnus@thingeyjarsveit.is

Íþróttamiðstöðin í Reykjahlíð

Auglýst er eftir sumarstarfsmanni í 100% starf. Starfið felur í sér afgreiðslustörf, gæslu, þríf og annað sem til fellur. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta Price, asta.price@thingeyjarsveit.is

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. **Umsóknarfrestur er til 12. maí 2025.**

Umsóknum ásamt ferilskrá og sakavottorði skal skila á skrifstofu Þingeyjarsveitar eða á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.